

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 15. apríl 2026

Mál nr. S-121/2026:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson saksóknari)

gegn

X

(Oddgeir Einarsson lögmaður)

(Geir Gestsson lögmaður brotþola)

Dómur:

I

Mál þetta, sem dómtekið var 23. mars 2026, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dags. 9. janúar 2026, á hendur ákærða X [...].

Málið er höfðað á hendur ákærða fyrir eftirgreind brot:

I.

Húsbrot, nauðgun og kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa árla morguns 14. september 2025, ruðst í heimildarleysi inn í íbúðarhús að [...] og þar, í svefnherbergi á rishæð hússins, klætt sig úr buxum og lagst upp í rúm hjá A [...], þar sem hann svaf, og án samþykkis haft við hann önnur kynferðismök en samræði, með því að beita hann ofbeldi og ólögmætri nauðung í krafti yfirburða sinna í formi aldurs og styrkleika og notfært sér að drengurinn gat ekki spornað við verknaðinum sökum aldurs og svefnþrunga, en ákærði setti hönd drengsins á getnaðarlim sinn og káfaði innanklæða á maga, brjóstkassa, rassi og kynfærum drengsins og dró buxur og [...] hans niður og reyndi að þröngva getnaðarlim sínum inn í endaparm drengsins.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr., 1. mgr. 202. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Kynferðisbrot, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 14. september 2025, greitt fyrir vændi, að [...].

Telst þetta varða við 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu B [...], og C [...], vegna ólögráða sonar þeirra, A [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 7.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 14. september 2025, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða þóknun vegna réttargæslu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu B [...], og C [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða þeim miskabætur að fjárhæð kr. 2.500.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 14. september 2025, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags og skaðabóta að fjárhæð kr. 5.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14. september 2025, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu, laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Við aðalmeðferð málsins féll brotapolinn B [...] frá skaðabótakröfu sinni og endanleg skaðabótakrafa brotapolans C [...] er að fjárhæð 1.830.445 krónur auk vaxta og dráttarvaxta (útlagður kostnaður 1.205.885 krónur og tekjumissir 624.560 krónur).

Þegar brotþoli verður nefndur í dómi þessum án nánari tilgreiningar er átt við A [...].

II

Ákæruliður I.

Málavextir.

II.1. Frumskýrsla lögreglu.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu tilkynnti húsráðandi að [...] kl. 05:31 að morgni sunnudagsins 14. september 2025 um óþekktan aðila sem hefði brotist inn í húsið og farið inn í herbergi hjá 10 ára syni húsráðenda, A [...], og verið að klæða hann úr fötunum. Lögreglumenn fóru á vettvang og ræddu við drenginn og foreldra hans. Drengurinn lýsti því að hann hafi vaknað við það að maður hafi staðið yfir honum, með buxurnar niðri og verið að káfa á sér. Nánar aðspurður lýsti drengurinn því að hann hafi vaknað við að maðurinn hafi verið að strjúka á honum bakið, dregið buxur hans niður, stungið hendinni „inn fyrir klofið og puttann í afturendann sinn“. Drengurinn hafi séð að maðurinn hafi verið með buxurnar niðri og getnaðarliminn úti. Þegar maðurinn hafi séð að drengurinn hafi vaknað hafi maðurinn farið en drengurinn hafi „frosið“. Eftir skamma stund hafi hann farið, vakið foreldra sína og sagt þeim hvað hefði gerst.

Móðir drengsins, C [...], sagðist þekkja manninn sem X [...], ákærða í máli þessu, en hún hafi séð hann hlaupa á brott frá húsinu. Þau væru gamlir samstarfsfélagar og hann hafi reynt að hringja tvisvar í hana um miðnætti kvöldið áður en hún hafi ekki svarað honum. Hún hafi heyrt einhvern ganga um íbúðina og haldið að það væri sonur hennar en hún hafi verið á milli svefnis og vöku. Hún hafi síðan heyrt einhvern fara út úr íbúðinni og skömmu seinna hafi sonur hennar komið niður og sagt frá því sem hefði gerst. Faðir drengsins, B [...], sagði að þegar ákærði hafi verið farinn út úr húsinu hafi hann komið aftur inn á neðri hæð hússins en þaðan sé stigi upp á efri hæðir þess. Ákærði hafi reynt að opna hurð að stiganum en B [...] hafi haldið hurðinni svo ákærði hafi ekki komist þangað. Ákærði hafi þá hlaupið á brott, upp [...] og í átt að [...]. Hann hafi verið klæddur í ljósbláan jakka, hvítan bol og gallabuxur.

Foreldrar drengsins fóru með hann á bráðamóttöku Landspítala-Háskólasjúkrahúss og þar tók kynferðisbrotadeild lögreglu við rannsókn málsins.

Lögreglumenn fóru að heimili ákærða, [...], og hittu þar fyrir D [...]. Hún kvaðst hafa verið að leita að ákærða frá því kl. 01:30 um nóttina en hann hafi verið úti með tveimur vinum sínum og væri ekki kominn heim. Lögreglumenn fóru aftur að heimili ákærða um klukkustund síðar og þá var ákærði þar. Hann hafði verið sofandi en gaf sig fram á nærbuxum einum fata og með sæng vafða utan um sig. Ákærði var undir áhrifum, áfengisþefur af honum og þá var hann sljór í hreyfingum og hugsun. Hann var handtekinn og fluttur á lögreglustöð.

II.2. Skýrslur tæknideildar lögreglu.

Tæknideild lögreglu framkvæmdi vettvangsrannsókn að [...] í kjölfar atviksins. Um er að ræða einbýlishús á þremur hæðum, þ.e. jarðhæð, efri hæð og ris. Aðalinngangur er á efri hæð en einnig er hægt að ganga inn á jarðhæð þar sem komið er inn í forstofu og þaðan er innangengt í bílskúr, sem breytt hefur verið í íbúð en hún var læst þegar rannsóknin fór fram. Frá forstofunni á jarðhæð er stigi upp á efri hæðina og þar er hurð inn í hol sem var hægt að læsa. Hægt er að ganga inn í þvottahús utan frá og báðar hurðirnar á jarðhæðinni voru ólæstar þegar vettvangsrannsóknin fór fram en útihurð á bílskúr/íbúð var læst.

Gengið er upp stiga úti að aðalinngangi efri hæðar og útihurðin þar var læst. Þar er komið inn í forstofu og þaðan er teppalagður stigi upp í risið. Inn af forstofunni er hol og þaðan er aðgengi í önnur rými efri hæðar. Strax til vinstri er hurð að stiganum niður á jarðhæð hússins, hurðin var læst en lykill í skránni. Til vinstri er gengið inn í eldhús og baðherbergi en gegn forstofunni handan við holið er stofa og borðstofa í opnu rými. Til hægri við innganginn er hjónaherbergi og sjónvarpsherbergi.

Uppi í risinu er gengið inn um hurð og inn í hol þaðan sem gengið er inn í önnur rými í risinu. Á móti innganginum er svefnherbergi en baðherbergi og annað svefnherbergi til vinstri þar sem talið er að ákærði hafi brotið gegn brotapolu. Það herbergi er að hluta til undir súð með kvisti. Við útvegg undir súð til hægri var rúm og í því var sofandi barn þegar vettvangsrannsókn hófst. Til vinstri við útvegg undir súð var annað rúm þar sem brotapoli svaf. Á rúminu var yfirdýna (lak), sæng með sængurveri, koddi með koddaveri og tveir bangsar við koddann. Lagt var hald á yfirdýnuna og sængurverið.

Engin ummerki um mannaferðir sáust utandyra og ekkert sem var talið gagnast við rannsókn málsins. Ljósmyndir voru teknar af öllum aðgengilegum íbúðarrýmum fyrir utan íbúðina í bílskúrnunum og sjónvarpshol. Ekkert markvert kom fram við vettvangsrannsóknina sem talið var að gæti gagnast við rannsókn málsins.

Læknir framkvæmdi réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða að viðstöddum lögreglumanni og hófst skoðunin kl. 11:18 sunnudaginn 14. september 2025. Um var að ræða almenna líkamsrannsókn með tilliti til áverka, töku lífsýna og töku blóð- og þvagsýna til lyfja- og alkóhólmælinga. Þá voru teknar ljósmyndir af ákærða í samráði við lækni. Ákærði var með áverka á einum fingri hægri handar en annað athugavert sást ekki.

Tæknideild lögreglu fékk til rannsóknar gögn, varðandi brotaþola, sem höfðu verið varðveitt á Neyðarmóttöku. Um var að ræða fót brotaþola, þ.e. stuttermabol og náttbuxur, [...], dúk, hár, naglaskaf, gler og pinna. Einnig var um að ræða níu innsiglaða lífsýnapoka og tvo plasthólka með smásjármyndum. Í plasthólkunum voru sjö glerplötur með sýnum sem höfðu verið tekin af líkama brotaþola, meðal annars af „penis og scrotum“, rasskinnum að endaparmi og endaparmi. Þekjufrumur voru til staðar í öllum sýnunum en engar sáðfrumur voru sjáanlegar. Ekkert markvert kom fram við skoðun á stuttermabol og náttbuxum brotaþola. Tekin voru lífsýni af neðri hlut bolsins og af streng náttbuxanna. Ekkert markvert kom fram við skoðun á [...], bæði á fram- og bakhlið, var [...] frá og varðveittur í sýnapoka. Ekkert markvert var sjáanlegt á bréfdúk sem var rannsakaður. Tveir lífsýnapokar voru með naglaskafi og einn plastpoki með hári frá endaparmi. Skoðun á hárinu benti til þess að það hefði fallið eðlilega úr hársverði og væri ekki nothæft til DNA-kennslaggreiningar. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að ekki komu fram lífsýni sem töldust hæf til DNA- kennslaggreiningar. Hins vegar var ekki hægt að útiloka að í sýnum sem varðveitt voru af fatnaði brotaþola, af [...] og í stroksýnum væru til staðar lífsýni á formi þekjufruma sem nothæf væru til DNA-kennslaggreiningar.

Við réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola kom ekkert í ljós sem gat gagnast við rannsókn málsins.

Tæknideild fékk einnig til rannsóknar gögn sem höfðu verið varðveitt við réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða. Um var að ræða sjö lífsýnapoka með pinnum, fjóra plastpoka með hársýnum ásamt blóð- og þvagsýnum. Blóð- og þvagsýnin voru send Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði til rannsóknar. Lífsýni, sem voru á pinnum, höfðu voru tekin af ákærða, þ.e. af penis-forhúð, penis-kóng og pung. Tvö greidd höfuðhár voru meðal sýna af ákærða og voru samskonar að útliti og reyndust ekki nothæf til DNA-kennslaggreiningar. Útlit samanburðarsýnis af höfuðhárum var í samræmi við greiddu höfuðhárin. Þá voru einnig til staðar pinnar með naglaskafi af báðum höndum og stroksýni af fingrum beggja handa. Ef til staðar væru sýni á pinnunum væru þau eingöngu á formi þekjufruma sem ekki var hægt að rannsaka af tæknideild lögreglu. Niðurstaða rannsóknar tæknideildar á gögnum varðandi ákærða var að ekki komu fram lífsýni sem nothæf væru til DNA-kennslaggreiningar. Hins vegar var ekki hægt að útiloka að í stroksýnum af kynfærum og höndum ákærða væri að finna lífsýni á formi þekjufruma og þá hugsanlega til staðar lífsýni sem nothæf væru til slíkrar greiningar.

Tæknideild gerði sérstaka rannsókn á fatnaði ákærða sem lagt var hald á við handtöku hans. Um var að ræða gallabuxur, bol, gallaskyrta, nærbuxur og belt. Óhreinindi voru á framhlið buxnanna, brúnleitur blettur á hægri hné og lítil óhreinindi á neðri hluta vinstri skálmur. Á aftanverðri vinstri skálm voru brúnleit óhreinindi en ekkert markvert var að sjá á bakhlið buxnanna. Tveir blettir á framhlið buxnanna gáfu ljóssvörun, annar hægri megin við klauf en hinn ofarlega á vinstra læri. Sýni voru tekin af báðum blettunum og þau prófuð með sæðisprófi en hvorugt sýnanna gaf svörun við prófinu. Á framhlið stuttermabolsins vinstra megin voru tveir blettir sem gáfu ljóssvörun en sýni úr þeim gáfu ekki svörun við sæðisprófi. Ekkert markvert var á bakhlið bolsins né á gallaskyrta, á nærbuxum eða á belt. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að við rannsókn á fatnaði ákærða hafi ekki komið fram lífsýni sem gætu talist nothæf til DNA-kennslaggreiningar. Hins vegar væri ekki hægt að útiloka að í sýnum af gallabuxum, bol, gallaskyrta og nærbuxum væri að finna lífsýni á formi þekjufruma sem væru nothæf til DNA-greiningar.

Tæknideild fékk til rannsóknar muni sem lagt var hald á við vettvangsrannsókn að [...]. Um var að ræða sængurver og yfirdýnu af rúmi brotþola. Við skoðun á yfirdýnunni komu í ljós 11 blettir sem gáfu ljóssvörun. Stakur blettur var á miðri dýnunni en hinir

blettirnir voru inn frá vinstri langhlið. Sýni voru tekin úr öllum blettunum og þau prófuð með sæðisprófi en ekkert sýnanna gaf svörun við prófinu. Þrír blettir voru á annarri hlið sængurversins og voru sýni tekin úr þeim öllum en ekkert þeirra gaf svörun við sæðisprófi. Niðurstaða rannsóknarinnar var því að ekki komu fram lífsýni sem væru nothæf til DNA- kennslagreiningar.

II.3. Blóð- og þvagsýni ákærða.

Við réttarlæknisfræðilega skoðun var tekið blóðsýni úr ákærða kl. 11:45 en þvagsýni var tekið kl. 11:55 sunnudaginn 14. september 2025. Sýnin voru send Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að í blóðsýninu mældist alkóhól 1,07 prómill og benzóýlekgónín 260 ng/ml. Í þvagsýninu mældist alkóhól 1,42 prómill, kókaín og benzóýlekgónín. Í matsgerð rannsóknastofunnar segir að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis þegar blóðsýnið var tekið. Hlutfall etanóls í þvagi og blóði bendi til þess að styrkur í blóði ákærða hafi náð hámarki og verið fallandi þegar blóðsýnið var tekið. Kókaín sé örvandi ávana- og fíkniefni og benzóýlekgónín sé óvirkt umbrotsefni þess, sem mælist lengur en kókaín í lífsýnum. Kókaín hafi ekki verið í mælanlegu magni í blóði en greining þess í þvagi, auk greiningar benzóýlekgóníns í þvagi og blóði, bendi til neyslu kókaíns einhverju fyrir sýnatöku. Amfetamín og skyld efni, tetrahydrókannabínól, sterk verkjalyf (ópíöt), skráð róandi lyf og svefnlyf hafi ekki verið í mælanlegu magni í sýnunum.

II.4. DNA-rannsókn Nationellt Forensiskt Centrum (NFC).

Sýni sem höfðu verið varðveitt við réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða, við réttarlæknisfræðilega skoðun á brotþola á Neyðarmóttöku og við rannsókn á fatnaði þeirra beggja voru send til DNA rannsóknar hjá NFC í Svíþjóð. Með sýnunum voru send samanburðarsýni frá brotþola og ákærða.

Rannsókn á sýnum af gallabuxum, stuttermabol, gallaskyrту og nærfötum ákærða leiddi í ljós blöndur DNA-sniða þar sem DNA-snið ákærða sjálfs var ávallt í meirihluta. Annað DNA-snið í sýnunum var ekki samkennt við einstakling og DNA-snið brotþola hafði of litla samsvörun við það DNA til að líkindaútreikningar væru marktækir. Sýni úr innanverðum nærfötum ákærða reyndist innihalda flókna blöndu DNA-sniða sem ekki var unnt að greiða úr. Greining á tveimur stroksýnum af pung ákærða, hægri og vinstri

fingri og naglaskafi hægri handar leiddi í ljós að sýnin höfðu sama DNA-snið og ákærða sjálfs. Naglaskaf vinstri handar leiddi í ljós blöndu DNA-sniða. Það snið sem var í meirihluta var eins og DNA ákærða sjálfs en það DNA- snið sem var í minnihluta var ekki unnt að samkenna við einstakling. Sýni af forhúð og pung ákærða gáfu ekki niðurstöður þar sem ekki kom fram nægilegt magn DNA í sýnunum.

Greining á sýni af bol brotaþola gaf ekki niðurstöður þar sem ekki kom fram nægilegt magn DNA í sýninu. Sýni af streng náttbuxna brotaþola leiddi í ljós blöndu DNA-sniða frá a.m.k. þremur einstaklingum. Það snið, sem var í meirihluta í sýninu, var eins og DNA-snið brotaþola sjálfs en það snið sem var í minnihluta var eins og DNA-snið ákærða. Við rannsókn á [...] voru sýni varðveitt af báðum [...]. NFC varðveitti stroksýni [...], eða samtals fjögur sýni. Við greiningu á sýni, sem var af [...], kom fram blanda DNA sniða og hluti þess DNA var eins og DNA-snið brotaþola en hluti þess var eins og DNA-snið ákærða. Í sýni af [...] kom fram DNA-snið eins og DNA-snið brotaþola en í sýni af [...] kom fram blanda-DNA sýna. Það snið, sem var í meirihluta í sýninu, var eins og DNA-snið brotaþola en það sem var í minnihluta var ekki hægt að samkenna við einstakling. Í fjórða sýninu, sem var af [...], var ekki nægilegt magn DNA til staðar.

Til rannsókna voru send sjö sýni sem voru tekin við réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola. Um var að ræða stroksýni af báðum höndum, af lim og pung og af rasskinnum. Einnig sýni frá endaparmi og naglaskaf af báðum höndum. Stroksýni og naglaskaf af báðum höndum voru rannsökuð með tilliti til þess hvort í þeim væru sáðfrumur en þær komu ekki fram við rannsóknina. Sýni af vinstri hendi, penis og scrotum, endaparmi og strok frá vinstri nöglum höfðu öll sama DNA-snið og brotaþoli sjálfur. Sýni af hægri hendi leiddi í ljós blöndu DNA- sniða. Það snið, sem var í meirihluta, var eins og DNA-snið brotaþola sjálfs en það sem var í minnihluta var ekki unnt að samkenna við einstakling. Greining á sýnum af stroki frá hægri nöglum gaf ekki niðurstöður þar sem ekki kom fram nægilegt DNA í sýninu og sýni frá rasskinnum að endaparmi gaf ekki niðurstöður þar sem ekkert DNA kom fram í sýninu.

II.5. Framburður ákærða hjá lögreglu.

Ákærði, X [...], gaf skýrslu hjá lögreglu 14. september 2025 eftir vistun í fangageymslu. Hann sagði að daginn áður hafi sonur hans átt afmæli og fjölskyldan hafi haldið upp á það. Eftir það hafi nágranni hans komið og þeir rölt saman á Von og fengið sér áfengi en þeir síðan farið á Betri stofuna og þar hafi ákærði fengið sér meira áfengi, m.a. gin og bjór, og tekið inn lítilræði af kókaíni, kannski hálf gram. Eftir það sé allt fremur óljóst í huga hans en hann muni eftir því að hafa farið á A. Hansen. Hann hafi síðan óljósa minningu um að hafa verið inni í húsi, lagst þar niður á sófa og hann haldi að hann hafi sofnað þar. Næst muni hann eftir því að konan hans hafi vakið hann í þvottahúsinu heima hjá þeim og sagt honum að fara inn að sofa. Þegar hann hafi verið kominn þangað hafi hún vakið hann og sagt að lögreglan væri að leita að honum.

Ákærði kvaðst hafa verið í sambandi við C [...], vinkonu sína, móður brotþola, daginn áður á hópsspjalli og þau verið fjögur, gamlir vinnufélagar, að skipuleggja að hittast í næstu viku. Hann kvaðst hafa verið að vinna með C [...] fyrir nokkrum árum og hann liti á hana sem bestu vinkonu sína. Það væri ekki samgangur á milli þeirra og hann hafi ekki komið heim til hennar í tvö til þrjú ár en þau hafi af og til spjallað saman í síma. Ákærði kvaðst muna eftir því að hafa verið að reyna að hringja í C [...] um nóttina og hefði óljósa minningu um að hann hafi verið að ráfa um [...] í leit að húsinu hennar.

Ákærði sagðist muna eftir því að hafa haft samband við vændiskonu og keypt af henni vændi. Hann hafi tekið leigubifreið í Hafnarfirði og farið í [...] en stoppað stutt þar sem honum hafi ekki risið hold. Hann hafi þá tekið aftur leigubifreið og farið á [...]. Hann kvaðst ekki vita af hverju hann myndi þetta en ekki annað. Ákærði kvaðst ekki eiga það til að missa minnið þegar hann drekki áfengi og ekki heldur að gera eitthvað kynferðislegt þegar hann væri undir áhrifum án þess að muna það. Hann kvaðst hvorki vera haldinn barnagirnd né laðast að börnum.

Ákærði gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 16. september 2025. Hann kvaðst engu geta bætt við fyrri framburð sinn þar sem hann myndi ekki eftir atvikum. Framburður brotþola var að hluta til borinn undir ákærða en hann kvaðst ekki vilja heyra allan framburðinn og þá kvaðst ákærði ekki hafa skýringu á framburði brotþola þar sem hann myndi ekki eftir atvikum. Ákærði kvaðst þó muna eftir því að hafa verið inni í húsi en ekki hvað hefði

gerst þar. Hann vissi ekki hvað klukkan hafi verið þá. Ákærði vissi ekki hvers vegna hann hafi verið að hringja í móður brotaþola en taldi líklegt að hann hafi viljað hitta hana. Ákærði heimilaði lögreglu að skoða bankagögn sín en umrætt kvöld hafi hann greitt með korti frá fyrirtæki sínu. Hann sagði að lögregla mætti einnig skoða farsíma sinn ef síminn fundist.

Ákærði gaf loks skýrslu hjá lögreglu 11. desember 2025 og vildi hann ekki breyta fyrri framburði sínum. Hann tók fram að hann hafi aldrei sagt að hann hefði verið inni á heimili brotaþola í umrætt sinn en hann hefði komið þangað fyrir nokkrum árum. Ákærði kvaðst aldrei hafa hitt brotaþola og ekki vita hvernig hann líti út. Hann kvaðst hafa farið til vændiskonu en hann mundi ekki hvernig hann hafi pantað þjónustuna né hvernig hann hafi greitt fyrir hana. Ákærði kvaðst ekki muna hvað hafi gerst eftir að hann kom aftur í [...] eftir að hafa farið til vændiskonunnar. Hann gat því ekki gefið skýringu á því hvers vegna DNA-snið hans hafi fundist á náttbuxum [...] brotaþola. Hann hefði engar minningar sem gætu skýrt það.

II.6. Annað.

Við rannsókn málsins fannst ekki farsími ákærða þrátt fyrir mikla leit þannig að ekki fengust upplýsingar úr símanum, svo sem um notkun hans eða staðsetningar. Samkvæmt upplýsingum frá eiginkonu ákærða var síðasta staðsetning á símanum á veitingastaðnum A. Hansen. Engin notkun hefur verið á símanum síðan 14. september 2025. Lögreglan sótti merkjagögn fyrir farsíma ákærða en þau gera kleift að staðsetja farsíma en það tókst ekki að staðsetja símann og hann fannst ekki. Þá skal tekið fram að lögregla lagði ekki hald á raftæki hjá ákærða, svo sem tölvur, í þágu rannsóknar málsins.

Samkvæmt bankagögnum ákærða var leigubílafærsla frá 14. september 2025 kl. 02:31 en bílnúmerið sést ekki á gögnunum og bifreiðin er ekki skráð á leigubifreiðastöð. Því var ekki hægt að rekja upplýsingarnar frekar.

III

Kröfur og sjónarmið ákærða.

Ákærði krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi en til vara er krafist sýknu af I. ákærulið en vægustu refsingar sem lög leyfa vegna II. ákæruliðar. Þess er aðallega

krafist að einkaréttarkröfum verði vísað frá dómi, til vara er krafist sýknu og til þrautavara er krafist lækkunar. Loks er þess krafist að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða samkvæmt tímaskýrslu.

Ákærði byggir kröfu sína um frávísun málsins aðallega á því að hlutlægni hafi ekki verið gætt við rannsókn lögreglu á málinu. Allir eigi rétt á því að fá úrlausn varðandi ákæru á hendur sér með réttlátri málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Af hálfu lögreglu hafi verið fjallað einhliða um málið í fjölmiðlum og m.a. fullyrt að hræðilegir atburðir hafi átt sér stað þegar ekkert hafi verið hægt að fullyrða um slíkt. Hvað þetta varðar verði að hafa í huga að allir eigi að vera álitnir saklausir þar til sekt sé sönnuð, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Með ummælum fulltrúa lögreglu í fjölmiðlum hafi verið brotið gegn þessum rétti og þessi afstaða hafi skapað hættu á því að ákærði nyti ekki sannmælis við rannsókn lögreglu og á hann yrði hallað. Þá telur ákærði að spurningar til brotþola við síðari skýrslutöku af honum í Barnahúsi hafi verið í andstöðu við 3. mgr. 63. gr. laga nr. 88/2008 þar sem kveðið sé á um að spurningar lögreglu skuli vera skýrar og ótvíræðar. Þá hafi spurningar til ákærða við skýrslutöku hjá lögreglu einnig farið gegn lagaákvæðinu en það hafi m.a. verið fullyrt við hann að búið væri að staðsetja hann inni á heimili brotþola en það hafi ekki verið rétt. Ágallar á rannsókn málsins og ummæli yfirvalda geti leitt til frávísunar málsins.

Varðandi kröfu um sýknu af refsikröfu um kynferðisbrot segir ákærði að engin sýnileg sönnunargögn séu til staðar um kynferðisbrot af hans hálfu. Jafnvel þó lífsýni ákærða hafi fundist á buxnastreng brotþola sé það ekki sönnun um kynferðisbrot heldur gæti ákærði hafa gripið í buxurnar og síðan horfið á braut þegar hann hafi áttað sig á að um barn var að ræða. Í málinu þurfi að meta hvort framburður brotþola um kynferðisbrot sé svo stöðugur og trúverðugur að hægt sé að fullyrða að ákærði hafi framið kynferðisbrot gegn brotþola. Ákærði fullyrðir að framburður brotþola sé á reiki og þar sé einnig að finna mótsagnir. Það þurfi þó ekki að skýrast af því að brotþoli sé að segja ósatt heldur greini hann ekki á milli þess sem hann upplifði í raun og þess sem hann heldur að hafi gerst meðan hann var sofandi.

IV

Málatilbúnaður ákærvalds.

Ákærvaldið mótmælir kröfu ákærða um frávísun málsins og telur ekkert fram komið sem styðji frávísun málsins frá dómi. Þá krefst ákærvaldið þess að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru málsins. Framburður brotaþola sé skýr og ótvíræður og það sé augljóst að hann hafi skýrt frá minningu sem hann hafi upplifað. Með vísan til þess verði að leggja framburð brotaþola til grundvallar við úrlausn málsins. Þá tók sækjandi fram að það hafi sætt breytingum á undanförunum árum hvað teljist önnur kynferðismök. Í tilfalli ákærða hafi ekki verið um skammvinna snertingu hans á brotaþola að ræða.

V

Vottorð vegna brotaþolans A [...].

Í sálfræðivottorði Barnahúss, dags. 13. mars 2026, kemur fram að barnaverndarþjónusta Garðabæjar hafi óskað eftir sérfræðilegri greiningu og meðferð fyrir A [...] vegna meints kynferðisbrots 14. september 2025. Upplýsinga um líðan hans hafi verið aflað í meðferðarviðtölum við hann, samtölum við foreldra hans og með sjálfsmatskvörðum sem hafi verið lagðir fyrir drenginn og foreldrana. Niðurstöður matsins bendi til einkenna áfallastreitu og það er mat sálfræðingsins að einkennin megi rekja til meints kynferðisbrots gegn A [...]. Áfallastreituröskun sé alvarleg streituröskun sem einkennist af ágengum endurupplifunum áfalls, forðun hugsana og aðstæðna sem tengjast áfallinu, neikvæðum breytingum á hugsun og tilfinningum og ýktum einkennum ofurárvekni. Flestir sem verði fyrir áfalli finni fyrir einhverjum einkennum áfallastreitu næstu vikur á eftir. Ef ákveðin einkenni séu áfram til staðar mánuði eftir áfallið og valdi truflun á ýmsum sviðum daglegs lífs sé, samkvæmt alþjóðlegum greiningarkerfum, talað um áfallastreituröskun. Niðurstöður greiningar á A [...] bendi til þess að hann uppfylli greiningarskilmerki fyrir áfallastreituröskun. Hann hafi upplifað streituvaldandi atburð þegar hann var beittur kynferðisofbeldi og í kjölfarið endurupplifað atburðinn, forðast umræður og aðstæður sem tengjast atburðinum, breytingar á tilfinningum og hugsunum og verið órólegur, æstur og á varðbergi. Einkennin hafi varað lengur en í einn mánuð og valdið A [...] vanlíðan og truflun í daglegu lífi, svo sem í skóla. Svör hans hafi einnig gefið til kynna þunglyndi og kvíða. Hann hafi skorað yfir klínískum viðmiðunarmörkum á kvarða sem meti aðskilnaðarkvíða og árátta- og þráhyggjuröskun.

Í sálfræðiviðtölum við A [...] hafi verið stuðst við áfallamiðaða hugræna atferlismeðferð sem feli m.a. í sér fræðslu um eðli og afleiðingar áfalla, streitustjórnun og að læra að bera kennsl á tilfinningar, hugsanir og hegðun. Markmiðið sé að draga úr afleiðingum áfallsins og kenna leiðir til að takast á við hugsanir og tilfinningar sem algengar séu eftir áföll. A [...] hafi hægt og rólega orðið virkari og gert hluti sem hann hafi forðast fyrst eftir meint brot, m.a. að mæta í skóla, sofa í herberginu sínu án foreldra og hitta vini sína. Hann greini þó enn frá erfiðum tilfinningum þegar hann hugsar um meint brot. Sálfræðingurinn segir að erfitt sé að segja til um hvaða áhrif meint kynferðisbrot kunni að hafa á líðan A [...] til lengri tíma litið. Drengurinn hafi ávallt verið samkvæmur sjálfum sér í viðtölum og að mati sálfræðingsins sé ekkert annað sem skýri þau áfallaeinkenni sem hann lýsi. Líðan hans samsvari þeim einkennum sem þekkt séu hjá börnum og unglingum sem hafa upplifað áföll og hann muni þurfa fleiri viðtöl á vegum Barnahúss til að ná bata. Talið er að meint brot hafi haft veruleg áhrif á líðan, tilfinningar, hegðun og daglegt líf A [...].

VI

Gögn varðandi brotapolana C [...] og B [...].

Samkvæmt vottorði Sálstofunnar ehf. hafa brotapolarnir C [...] og B [...] sótt átta stuðningsviðtöl á tímabilinu 17. september 2025 til 19. janúar 2026 vegna meints kynferðisbrots gegn syni þeirra, A [...]. Barnavernd Reykjavíkur hafi óskað eftir þessum viðtölum þar sem C [...] og B [...] hafi upplifað mikla erfiðleika í kjölfar brots ákærða. Þau hafi sýnt og sýni enn þá sterk áfallaeinkenni og hafi verið að hluta eða öllu leyti óvinnufær í kjölfar brotsins, bæði vegna áfallaeinkenna og breytinga sem hafi átt sér stað í daglegu lífi eftir atvikið. Þau hafi þurft að vera með A [...] allan sólarhringinn og fylgja honum í skóla í sex vikur eftir atvikið. Áfallaeinkenni foreldra hans séu dæmigerð, svo sem svefnvandi, einbeitingarvandi, depurð, kvíði og sjálfsásökun. Vegna þessa sé faðir A [...] óvinnufær og óljóst hver atvinnuþátttaka móður hans verði. Þeim hafi verið ráðlagt að halda daglegri rúttínu eins og unnt sé þrátt fyrir álag.

Samkvæmt vottorði H [...] sálfræðings komu C [...] og B [...] saman í viðtal 17. september 2025 og C [...] kom síðan ein í viðtöl 2. og 19. janúar 2026 en þau hafi verið í [...] hjá sálfræðingnum frá ársbyrjun 2025. Í fyrsta viðtalinu eftir brot ákærða hafi þau verið hálf dofín, döpur og haft orð á mikilli sektarkennd. Í fyrra viðtalinu þar sem C [...]

] var ein hafi hún verið í betra tilfinningalegu jafnvægi en fundið enn fyrir mikilli streitu sem hún tengi aðallega við bággt ástand B [...]. Hann hafi verið óvinnufær eftir atvikið og verið sagt upp atvinnu í nóvember 2025. Í seinni tímanum sem C [...] hafi mætt ein hafi greinilega orðið bakslag á líðan hennar, hún virkað döpur og þreytt. Hún hafi sagt að svefninn hafi versnað og streitan aukist. Brot ákærða hafi haft djúpstæð áhrif á C [...] og B [...], bæði á andlega og líkamlega heilsu þeirra.

Samkvæmt vottorði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var [...] í veikindaleyfi frá 15. september til 30. nóvember 2025 en starfshlutfall hennar hafi verið 80%. Hún var metin af heilsugæslulækni 30% starfshæf 1. desember 2025 og 50% starfshæf 1. janúar 2026 og út febrúar 2026. Samkvæmt læknisvottorði til atvinnurekanda vegna fjarvista, dags. 20. nóvember 2025, var B [...] óvinnufær með öllu vegna sjúkdóms um óvíst tímabil. Fyrirtæki var sagt [...]. Samkvæmt tölvupósti frá [...] 3. desember 2025 var ákveðið að framlengja ekki ráðningarsamning við B [...] sem átti að renna út 31. desember 2025 og ekki var gerð krafa til þess að hann myndi uppfylla vinnuskyldu samkvæmt samningnum þar til hann rynni út.

VII

Framburðir ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði, X [...], ber við minnisleysi og kannast ekki við að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru. Daginn fyrir atvikið, sem ákært er vegna, hafi fjölskyldan verið að halda upp á afmæli sonar ákærða. Um kvöldið hafi ákærði farið með nágranna sínum á veitingastaðinn Von en ákærði vissi ekki hvað þeir hafi verið lengi þar. Þaðan hafi þeir farið á veitingastaðinn Betri stofuna og þar hafi ákærði tekið inn fíkniefni. Ákærði muni síðan óljóst eftir sér á veitingastaðnum A. Hansen þar sem hann hafi verið að horfa á karaóki. Hann hafi síðan ákveðið að hitta vændiskonu í [...] en þar hafi ekkert gerst og hann viti ekki hvað klukkan hafi verið þá. Þaðan hafi hann farið aftur í [...], líklega komið við á vinnustað sínum á [...] og haldið þar áfram að drekka því þar hafi verið geymt áfengi. Hann hafi á einhverjum tímamarki slökkt á staðsetningarbúnaði í farsíma sínum, líklega vegna þess að hann hafi ætlað að leyna því fyrir [...] að hann hafi farið til vændiskonu. Hann kvaðst ekki muna eftir samskiptum við C [...], móður brotabólans A [...], hvorki um kvöldið né eftir því að hafa hringt í hana um miðnætti og aftur kl. 04:15 um nóttina. Hann hafi stundum hringt í hana eða hún í hann til að láta

vita ef eitthvað væri að gerast. Ákærði kvaðst hafa átt gott vinasamband við C [...] og þótt vænt um hana. Þau hafi talað mikið saman á tímabili og vitað mikið um hvort annað en á öðrum tímabilum hafi þau verið í litlum samskiptum. Það væri mjög ólíklegt að hann hafi verið að leita eftir kynferðislegum samskiptum við C [...] heldur frekar eftir samtali til huggunar. Ákærði minntist þess ekki að hafa ráfað um í leit að húsi C [...] og hann eigi enga minningu um að hafa verið á heimili hennar í umrætt sinn. Ákærði kvaðst síðast hafa farið í [...] í október 2024. Eftir það hafi hann ekki [...] fyrr en í ferð með eiginkonu sinni til Tenerife í ágúst 2025 og síðan ekki fyrr en þegar atvikið varð sem ákært er vegna. Hann hafi lítið þol fyrir [...] vegna þess að hann hafi farið í [...] í september 2022. Hann kvaðst ekki vita hvað hafi orðið um farsíma hans. Ákærði kvaðst hafa haldið að [...] með því að segja að lögreglan væri komin heim til þeirra um morguninn og [...]. Hann hafi ekki trúað því að hann hafi gert það sem honum er gefið að sök.

Brotapoli, A [...], gaf skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi 16. september 2025. Hann kvaðst hafa verið klæddur í buxur og bol og [...]. Hann hafi vaknað um klukkan sex um nótt vegna þess að einhver maður hafi verið að snerta og nudda brotapola. Maðurinn hafi verið að ýta buxum brotapola neðar og neðar og brotapoli farið að finna eitthvað kalt og hafi þess vegna vaknað. Maðurinn, sem hafi verið uppi í rúmi brotapola, hafi þá verið með buxurnar niður um sig og reynt að setja buxur brotapola niður. Hann hafi síðan sagt: „ó, afsakið“ verið að „fyrirgefa sig“ og síðan labbað út og talað „eins og hann sé blindfullur að taka eiturlyf og eitthvað“. Brotapoli hafi síðan heyrt hurð skellast og þá farið niður til foreldra sinna og sagt þeim að einhver hafi brotist inn í húsið og komið upp í rúm til sín. Maðurinn hafi síðan komið aftur gangandi að húsinu og reynt að komast inn, foreldrar brotapola hafi komið í veg fyrir það, hann hafi þá hlaupið í burtu og faðir brotapola hafi hlaupið á eftir manningum og öskrað á hann. Maðurinn hafi síðan reynt aftur að komast inn í húsið en faðir brotapola hafi þá öskrað á manninn og hann þá hlaupið aftur á brott og ekki sést aftur.

Nánar aðspurður kvaðst brotapoli hafa vaknað við að einhver maður hafi verið að snerta líkama brotapola. Maðurinn hafi snert brjóst, maga, rassinn og typpið. Þegar brotapoli var spurður hvernig maðurinn hafi snert rassinn svaraði brotapoli að maðurinn „setti það svona inn, bara snerta og“. Þegar brotapoli var spurður hvað hann hefði sett inn svaraði

brotapoli: „Veit ekki alveg, ég var sofandi, vaknaði við eitthvað.“ Hann hafi fundið eitthvað kalt í rassinum og séð að maðurinn hafi verið með buxurnar niðri og „nálægt mér, þetta var örugglega typpið hans eða eitthvað.“ Brotapoli var þá spurður hvort hann hefði fundið eitthvað inni í rassinum og hann svaraði þá: „Bara hönd eða eitthvað.“ Aðspurður um hvað höndin hafi verið að gera svaraði brotapolí: „Snerta mig bara alls staðar og á einkastaði og eitthvað.“ Svo hafi maðurinn reynt að setja typpið inn í rassinn á brotapola en hann vissi ekki hvort hann hefði gert það. Maðurinn hafi sett hönd hjá typpi brotapola og snert það, tosað og hrist það. Maðurinn hafi einnig látið brotapola snerta typpið sitt, þ.e. tekið hönd brotapola og sett það á typpi mannsins. Síðan sagði brotapolí orðrétt: „Síðan reynir hann bara að ríða mér.“ Aðspurður hvað það þýddi lýsti brotapolí því að hann hefði verið að „setja typpið á mig og í mig og þú veist gera bara skrítna hluti við mig“. Er brotapolí var spurður hvaða skrítnu hluti hann hafi síðan gert svaraði hann fyrst „bara fullt þú veist setja typpið í munninn á mér og eitthvað“. Hann var þá spurður nánar hvort typpið hefði farið í munninn og neitaði hann því en sagði að „það er hægt að gera það þannig þú veist fólk gerir það, en hann setti bara þú veist typpið á mig“. Aðspurður um hvert hann setti typpið kvað brotapolí hann þá hafa sett typpið „á rassinn minn“. Inntur eftir því hvað gerðist næst lýsti brotapolí því aftur svo að þegar hann hefði vaknað hefði maðurinn hlaupið út.

Brotapolí kvað manninn hafa verið með eigin buxur dregnar niður á læri og tekið buxur og [...] brotapola niður. Aðspurður hvort eitthvað fleira hafi gerst með typpi mannsins svaraði brotapolí að hann hafi séð eitthvað hvítt og blautt koma úr typpi mannsins, það hafi farið á rúm brotapola en maðurinn síðan sett það á bak og rass brotapola. Hann kvaðst hafa fundið fyrir þessu og séð eitthvað hvítt koma úr typpi mannsins þegar brotapolí hafi vaknað. Við það að brotapolí vaknaði hafi maðurinn sett á sig beltið og hlaupið út. Aðspurður kvaðst brotapolí hafa talið um 20 til 30 mínútur hafa liðið frá því hann vaknaði þar til maðurinn fór út úr herberginu.

Brotapolí sagði að það hafi verið „ógeðslega“ dimmt í herberginu og hann gat ekki lýst andliti mannsins en sagði að móðir sín hafi síðan sýnt sér mynd af einhverjum manni sem hafi litið eins út og maðurinn sem hafi verið í herberginu. Brotapolí kvaðst aldrei hafa hitt þennan mann.

Brotapoli gaf aftur skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi 9. október 2025 og skýrslutökuna annaðist lögreglufulltrúi. Brotapoli sagði í byrjun að hann myndi eiginlega ekkert því foreldrar hans hafi gert allt til þess að taka þetta úr huga hans. Eina sem hann myndi væri að „hann“ braust inn en brotapolí myndi þó muna ef hann fengi spurningar. Brotapoli sagði að maðurinn hafi ætlað að fara upp í rúm til mömmu brotapola en farið upp í rúm til brotapola, sett eigin buxur niður og reynt að setja buxur brotapola niður en við það hafi brotapolí vaknað. Hann hafi fundið eitthvað kalt og það hafi ekki verið hönd en brotapolí vissi ekki hvað það hafi verið og hann hafi ekki séð það. Maðurinn hafi legið á hlið í rúminu fyrir aftan brotapola, verið „að snerta mig alls staðar og eitthvað“, sett „höndina ofan í buxurnar mínar og eitthvað“ og notað sína hönd til að „snerta mig á maganum“ og „svona hérna upp og eitthvað.“ Kvað hann manninn hafa haldið að brotapolí væri mamma brotapola og reynt „að snerta brjóstin á henni og eitthvað“. Maðurinn hafi snert húð brotapola alls staðar og sett hönd ofan í buxur brotapola. Brotapoli var síðan spurður nánar út í hvernig maðurinn hafi snert hann og lýsti brotapolí því þá svo að hann hefði snert hann á „bakinu, maganum, brjóstunum mest bara eða svona sem heitir ég man ekki“. Aðspurður lýsti brotapolí því svo að maðurinn hefði „örugglega“ snert hann „með typpinu eða eitthvað“. Maðurinn hafi reynt að setja buxur brotapola niður svo maðurinn gæti sett typpið í rass brotapola. Brotapoli hafi þá vaknað við að einhver hafi verið að snerta rassinn hans og horft á manninn. Maðurinn hafi þá séð að brotapolí væri barn, hætt að reyna þetta, sagt: „ó fyrirgefðu“, sett buxurnar upp, sett á sig belti og farið. Brotapoli vissi ekki hvort maðurinn hafi snert typpið á sjálfum sér þar sem brotapolí hafi verið sofandi.

Brotapoli sagði að maðurinn hafi vitað að móðir brotapola ætti stórt rúm vegna þess að einhvern tímann hafi verið „svona vinnupartí“ þegar ákærði hafi verið að vinna með móður brotapola. Ákærða hafi verið sýnt herbergið og þá hafi brotapolí verið með lítið rúm en „þau“ hafi þá verið enn með stóra rúmið og ákærði hafi vitað það.

Vitnið, C [...], sagði að ákærði hafi hringt í vitnið um miðnætti þegar það hafi verið nýlega sofnað en vitnið hafi ekki svarað. Hann hafi síðan hringt aftur í vitnið klukkan rúmlega 04:00 um nóttina og vitnið þá sagt við eiginmann sinn að þetta væri bara rugl og hún nennti ekki að svara. Vitnið, sem hafi verið pirrað, hafi samt sent skilaboð á ákærða og spurt hvað væri í gangi og hvort það væri ekki allt í lagi. Ákærði hafi svarað

Því játandi en vitnið hafi verið með óþægindatilfinningu. Vitnið hafi síðan heyrt umgang á heimilinu og viðbrögð heimilishundsins hafi bent til að eitthvað væri í gangi. Vitnið hafi haldið að þetta væri frænka, sem hafi verið nýlega flutt inn á heimilið, en vitnið hafi síðan heyrt útihurð lokast. Vitnið hafi litið á klukkuna þegar brotapolinn A [...] hafi komið inn í herbergi vitnisins og þá hafi hún verið 05:26. Hann hafi sagt að það hafi verið maður inni í herberginu hjá sér. B [...], hafi sagt við hann að hann hafi bara verið að dreyma en A [...] hafi sagt að maðurinn hafi komið upp í rúm til sín, reynt að taka buxur hans niður, sett eitthvað á rassinn á sér, tekið utan um sig og verið að snerta sig. Vitnið hafi spurt B [...] hvort hann væri að heyra þetta og hann hringt á lögregluna. A [...] hafi svo sagt að maðurinn væri að koma aftur þegar hann hafi komið gangandi að húsinu og farið inn í það. Vitnið hafi þá farið og haldið við hurð svo maðurinn kæmist ekki lengra inn í húsið en hann hafi hreyft hurðarhúnninn. B [...] hafi svo komið og öskrað á manninn og hann hafi þá farið út og hlaupið frá húsinu. B [...] hafi veitt manninum eftirför en misst sjónar af honum. Lögreglan hafi komið á vettvang á svipuðum tíma og B [...] hafi komið til baka. Vitnið kvaðst hafa grunað að þetta hafi verið ákærði þar sem hann hafi verið að reyna að ná sambandi við vitnið. Þá hafi hann áður hringt í vitnið að nóttu til. Vitnið kvaðst hafa sýnt A [...] mynd af manninum og A [...] sagt að maðurinn á myndinni væri sá sem hafi komið inn í herbergið til sín, þ.e. ákærði í máli þessu. A [...] hafi sagt lögreglu hvað hefði gerst. Vitnið og B [...] hafi farið með A [...] á Neyðarmóttöku vegna kynferðisbrota og hann hafi sagt að hann þyrfti í sturtu og vitnið skyldi ekki taka í höndina á honum því það hafi farið eitthvað á hann. Þau hafi síðan farið á Barnaspítalann og A [...] þá spurt hvort það væri búið að handtaka ákærða og hvort hann ætti börn. A [...] hafi nefnt hart typpi og að ákærði hafi farið inn á bak og rass. Vitnið sagði að húsið hafi verið ólæst vegna þess að frænka, sem hafi verið nýlega flutt þangað, hafi ekki verið með lykil.

Vitnið sagði að það og ákærði hafi unnið saman [...]. Þau hafi átt gott og náið samstarfssamband og átt bandamann í hvort öðru. Það hafi verið gagnkvæm vinátta á milli þeirra og þau hafi átt börn á sama leikskóla á covid-tímanum. Ákærði hafi einu sinni komið í starfsmannasamkvæmi heim til vitnisins á árinu 2024. Vitnið hafi fengið ráðgjöf hjá ákærða þegar það hafi verið að breyta húsinu hjá sér.

Vitnið lýsti því að fyrst eftir atvikið hafi A [...] m.a. ekki viljað vera einn, fengið martraðir, sofið hjá foreldrum sínum, ekki viljað fara einn í skólann eða fara einn út. Þá hafi hann verið með magaverk og niðurgang. Hann hafi verið pirraður, lent í slagsmálum og vinir hans ekki viljað leika við hann með sama hætti og fyrir atvikið. Þá sé A [...] með aðskilnaðarkvíða, finnist líkami sinn ógeðslegur, vilji ekki horfa í spegil og hann fari hvorki í skólasund né íþróttir. Þá hafi A [...] sagst vilja deyja. Vitnið kvaðst aldrei hafa rætt atvikið við drenginn og ekki spurt hann beint nema um nóttina strax eftir atvikið. Vitnið vissi ekki hvers vegna drengurinn hafi nefnt það í skýrslutöku að ákærði hafi verið að heimsækja vitnið.

Vitnið kvaðst sjálf hafa fengið hræðilegar martraðir fyrst eftir atvikið, átt erfitt með að sofna, sé með áfallastreitu og vilji helst ekki lifa með þessu. Vitnið kvaðst hafa sent gögn á Ríkisútvarpið vegna málsins. Vitnið kvaðst hafa miklar áhyggjur af B [...] en hann hafi misst vinnuna í kjölfar atviksins, [...]. Þau hafi ekki talið sig örugg á heimilinu, verið föst í ótta og verið ráðlagt af fagaðilum að koma A [...] út úr aðstæðunum. Þess vegna hafi fjölskyldan farið til Spánar strax í október. Vitnið sagði að það og B [...] hafi farið í viðtöl í fjölmiðlum vegna þess að þau hafi viljað stýra umræðunni um málið og kveða niður sögusagnir. Þá sé mikil umræða um kynferðisofbeldi. Vitnið og B [...] hafi farið í Kastljóspátt til þess m.a. að biðja fólk að fara varlega gagnvart sakborningum og þau vilji ekki að ákærða verði gerður skaði.

Vitnið, B [...], sagði að um miðnætti hafi ákærði hringt nokkrum sinnum í C [...] þegar þau hafi verið komin upp í rúm. Hann hafi síðan hringt aftur nokkrum sinnum um kl. 04:00 og þá hafi vitnið beðið C [...] að svara því ákærða hlyti að líða illa en hún hafi svarað því til að hún nennti ekki að vera [...]. Hún hafi samt sent ákærða skilaboð og spurt hvort ekki væri allt í lagi. Um kl. 05:30 hafi A [...] komið niður og sagt að maður hafi komið upp í rúm til hans, sá hafi ekki verið í buxum, togað [...] A [...] niður og snert hann á brjósti, rassi og typpi. C [...] hafi sagt að hún hafi heyrt hurð lokast. Vitnið kvaðst þá hafa farið upp í herbergi sona sinna og þar hafi yngri sonurinn verið sofandi en vitnið síðan hringt á lögregluna. A [...] hafi þá sagt að maðurinn væri að koma aftur og hann hafi reynt að komast inn en vitnið og C [...] hafi haldið hurð lokaðri svo hann hafi ekki komist inn. Maðurinn hafi síðan hlaupið á brott og vitnið veitt honum eftirför en hann hafi horfið sjónum við hringtorgið í grennd við [...]. Þegar vitnið hafi komið

aftur heim hafi lögreglan verið komin á vettvang. A [...] hafi endurtekið við lögreglumann það sem hann hafði sagt við vitnið og móður sína og m.a. sagt að maðurinn hafi togað [...] niður, komið við brjóstið á sér og A [...] hafi séð typpið á honum sem hafi verið hart. Vitnið og C [...] hafi farið með drenginn á Neyðarmóttöku kynferðisbrota og hann hafi haldið áfram að segja frá því sem hefði gerst. Hann hafi m.a. sagt að hann hafi fundið eitthvað kalt og blautt við rassinn á sér. Hann hafi talað um að þetta hafi tekið um 30 mínútur.

Vitnið sagði að stundum væri húsið hjá því ólæst þar sem þau teldu sig búa í öruggu hverfi. C [...] hafi verið [...] ákærða en vitnið þekki hann lítið og hafi aldrei rætt við hann. Ákærði hafi áður hringt í C [...] þegar fyrrum vinnufélagar hafi verið að hittast. Vitnið sagði að A [...] væri mikið breyttur eftir atvikið. Fyrst eftir það hafi hann ekki getað verið einn, ekki viljað vera í sínu herbergi fyrr en það hafði verið málað og því breytt og stutt væri síðan að hann væri farinn að sofa þar aftur einn. Þá hafi A [...] verið hræddur um að það kæmi einhver inn um gluggann á herberginu sínu. Hann hafi einangrast, vilji ekki fara til vana sinna, sé lítið í skólanum og mæti um 50% og ef hann er þar hefur hann stuðningsfulltrúa með sér. Þá hafi A [...] sagst vilja [...].

Vitnið, D [...], kvaðst hafa vaknað við að lögreglan hafi verið komin á heimili þess og spurt eftir ákærða. Vitninu hafi brugðið og spurt hvort hann væri [...]. Vitnið hafi ekki vitað um ákærða og lögreglan hafi beðið vitnið um að láta vita ef ákærði kæmi í leitirnar. Vitnið kvaðst hafa læst húsinu kvöldið áður en það væri útgangur úr þvottahúsinu svo vitnið hafi ákveðið að kíkja þangað. Þar hafi ákærði verið sofandi en farið upp í herbergi og háttað. Lögreglan hafi beðið vitnið að vekja ákærða og hann hafi ekki trúað því að lögreglan væri á staðnum. Hann hafi sagt að hann hafi slökkt á staðsetningarbúnaði í farsímanum sínum um miðnætti kvöldið áður en hann hafi átt það til. Vitnið sagði að ákærði hafi ekki neytt [...] síðan í nóvember 2024 þar til þetta kvöld. Lögreglan hafi ekki lagt hald á neitt á heimili vitnisins en lögreglumaður hafi komið á mánudegi eftir atvikið og farið inn í þvottahús í leit að farsíma ákærða. Þá hafi vitnið frétt frá samstarfsmanni ákærða að lögreglan hafi komið á vinnustað hans til að leita að einhverju. Vitnið sagði að ákærði og C [...] og hann hafi í einhverjum tilfellum leitað til hennar um einhver mál.

Vitnið, E [...], kvaðst hafa verið með ákærða að kvöldi 13. september 2025. Þeir hafi hist á [...] um kl. 21:00 og fengið sér einn drykk. Þeir hafi síðan farið á veitingastaðinn Von, hitt þar nágretta og verið þar í um eina klukkustund. Þaðan hafi þeir farið á Betri stofuna en vitnið hafi misst þar af ákærða um miðnætti. Vitnið kvaðst hafa farið á A. Hansen og séð ákærða þar um kl. 01:30, ekkert hugsað sérstaklega út í ástand hans en þó séð að hann hafi verið [...]. Vitnið hafi vitað að ákærði hafi af og til [...] en hann hafi líklega verið búinn að vera [...] í um eitt ár þegar atvikið varð sem ákært er vegna.

Vitnið, K [...], kvaðst hafa farið í útkall sem var talið að væri innbrot en svo hafi ekki verið. Á vettvangi hafi móðir A [...] m.a. beðið hann að lýsa því sem hefði gerst. Þá hafi hún sagt að hún hafi þekkt manninn, sem hafi komið inn í húsið, sem fyrrum samstarfsfélagi. Vitnið hafi verið á vettvangi þar til fulltrúi úr kynferðisbrotadeild lögreglunnar hafi komið en það mundi ekki hvort eitthvað hafi verið haldlagt þar. Aðrir hafi leitað að ákærða. Vitnið staðfesti frumskýrslu lögreglu.

Vitnið, J [...], kvaðst hafa verið á bakvakt og stýrt rannsókn málsins en ekki verið á vettvangi í upphafi málsins. Vitnið sagði að farsími ákærða hafi ekki fundist og ekki hafi verið lagt hald á tölvur hjá ákærða, sem sé algengt í sambærilegum málum, en vitnið vissi ekki hvers vegna það hafi ekki verið gert. Vitnið kvaðst hafa komið að skýrslutökum af ákærða og tekið seinni skýrsluna af A [...]. Það hafi verið ákveðið að taka þá skýrslu vegna þess að A [...] hafi óskað eftir því að ræða við karlmann. Þá hafi fyrri skýrslan ekki þótt fullnægjandi en þar hafi m.a. mikið verið spurt um óþægilega hluti eins og [...]. Þá hafi A [...] lýst þar sáðláti en það þótti ekki standast. Vitnið kvaðst hafa hitt A [...] þrisvar sinnum áður en skýrslutakan fór fram. Vitnið staðfesti þær skýrslur sem það kom að við rannsókn málsins.

Vitnið, L [...], staðfesti skýrslur sínar um lífsýni og niðurstöður DNA-rannsóknar. Vitnið sagði að það hafi ekki fundist sæði á dýnu eða sængurveru brotaþola og ekki hafi verið varðveitt sýni af dýnunni en ólíklegt sé að DNA fari af fötum og á dýnu. Vitnið kvaðst ekki vita hvort athugað hafi verið hvort sæði hafi verið á brotaþola. DNA ákærða hafi aðeins verið á buxnastræng og á [...] brotaþola.

Vitnið, M [...], kvaðst hafa skoðað brotþola 14. september 2025 en það væri langt um liðið og því gæti hann lítið sagt um skoðunina en vitnið staðfesti vottorð sitt.

Vitnið, N [...], kvaðst hafa hitt A [...] nú sinnum og hann hafi hægt og rólega opnað áfallastreituröskunar. Ekkert annað en atvikið, sem ákært er vegna, geti útskýrt einkennin. [...] A sé nú farið að líða betur, hann geti mætt einn í skólann og verið í herbergi sínu án þess að foreldrar hans séu með honum. Hann sé með aðskilnaðarkvíða frá foreldrum og hræddur við að fara frá þeim en það sé óeðlilegt hjá 10 ára gömlum dreng. Þá sé hann með ágengar hugsanir um að þetta geti gerst aftur. Vitnið staðfesti vottorð sitt.

VIII

Niðurstæða vegna I. ákæruliðar.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir á ákærvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag. Við sakarmat þarf jafnframt að gæta þeirrar meginreglu sem kemur fram í 1. mgr. 109. gr. laganna en samkvæmt henni metur dómari hverju sinni hvort nægjanleg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé komin fram um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þ. á m. hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn hafa. Þá segir í 2. mgr. lagagreinarinnar að dómari meti hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það. Þá gildir sú grundvallarregla að dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 111. gr. nefndra laga.

Ákærða er gefið að sök húsbrot, nauðgun og kynferðisbrot gegn barni sem varði við 1. og 2. mgr. 194. gr., 1. mgr. 202. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa ruðst í heimildarleysi inn í íbúðarhús að [...] og þar, í svefnherbergi á rishæð hússins, klætt sig úr buxum og lagst upp í rúm hjá brotþola, þar sem hann svaf, og án samþykkis haft við hann önnur kynferðismök en samræði, með því að beita hann ofbeldi og ólögumætri nauðung í krafti yfirburða sinna í formi aldurs og styrkleika og notfært sér að drengurinn gat ekki spornað við verknaðinum sökum aldurs og svefnþrunga, en ákærði setti hönd drengsins á getnaðarlim ákærða og káfaði innanklæða á maga,

brjóstkassa, rassi og kynfærum drengsins og dró buxur [...] hans niður og reyndi að þröngva getnaðarlim sínum inn í endaparm drengsins.

Ákærði krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Þá kröfu byggir hann aðallega á því að deildarstjóri ákærusviðs lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hafi ítrekað mætt í viðtöl í fjölmiðlum og haft í frammi fullyrðingar, m.a. um alvarleika málsins sem ekki hafi átt sér stað í raunveruleikanum. Fyrirfram mótaðar skoðanir þeirra, sem hafi rannsakað málið, hafi valdið hættu á því að ákærði nyti ekki sannmælis við rannsókn málsins og að á hann yrði hallað. Samkvæmt 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 beri þeim sem rannsaka sakamál að vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Rannsókn sakamáls eigi því að vera hlutlæg. Þá gerir ákærði athugasemdir við að seinni skýrslan hafi verið tekin af brotapolu og þá hafi lögreglumaðurinn, sem hafi tekið skýrsluna, reynt að beina frásögn brotapola að sagnæmum atriðum. Þá hafi fullyrðingar lögreglu í skýrslutökum af ákærða ekki alltaf átt við rök að styðjast en verið m.a. settar fram til þess að fá fram játningu ákærða fyrir því að hafa verið á heimili brotapola. Þá gerir ákærði athugasemdir við að gögnum málsins hafi verið lekið í fjölmiðla.

Samkvæmt 145. gr. laga nr. 88/2008 skal ákærandi þegar hann hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athuga hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi með útgáfu ákæru, sbr. 152. gr. laganna. Þannig er það mat ákæruvaldsins að lokinni rannsókn máls hvort höfða skuli mál á hendur sakborningi eða ekki. Þetta mat endurskoða dómstólar ekki. Sé rannsókn máls hins vegar á einhvern hátt ábótavant getur það haft áhrif á efnislega niðurstöðu máls en veldur því sjaldnast að máli verði vísað frá dómi. Þykir ekkert fram komið í þessu máli sem getur orðið til þess að því verði vísað frá dómi. Verður því kröfu ákærða þar um hafnað.

Í kynferðisbrotamálum er atvikum yfirleitt þannig háttað að til frásagnar eru aðeins brotapoli og sakborningur þannig að sönnunarstaðan er oft flókin og erfið, þá sérstaklega ef ekki eru til staðar önnur sönnunargögn sem styðja frásögn brotapola. Hvað munnlega framburði varðar er í máli því sem hér er til umfjöllunar í raun aðeins við framburð

brotþola að styðjast varðandi atvikið sjálf, sem ákært er vegna, en ákærði kveðst ekki muna eftir atvikum á heimili brotþola.

Brotþoli var [...] þegar atvik urðu og dómurinn, sem er skipaður sérfræðingi í klínískri sálfræði, tekur fram að það verði ekki alfarið litið fram hjá því að framburðir barna eru viðkvæmari en vitnisburðir fullorðinna fyrir ákveðnum skekkjum og ytri áhrifum. Þannig geta til að mynda leiðandi spurningar, þóknunaráhrif og fyrirfram gefnar hugmyndir um atvik haft áhrif á bæði endurheimt raunverulegra minninga og frásögn barns af þeim, þá sérstaklega þegar barn hefur talað eða þurft að tala endurtekið um sama atvik við hugsanlega marga og ólíka aðila. Það stendur hins vegar engin heimild til þess að slaka á sönnunarkröfum í máli sem þessu þó barn eigi í hlut.

Samkvæmt 126. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls og skal í því sambandi m.a. hugað að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola, hagsmunum vitnis af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar vitnis á atvikum, minni þess, ástandi og hegðun við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn. Samkvæmt lögum er ekki gerður greinarmunur á vitnisburði barns og fullorðinna við mat á sönnunargildi þeirra.

Brotþoli gaf tvær skýrslur fyrir dómi í Barnahúsi við rannsókn málsins. Í fyrri skýrslunni, skömmu eftir atvikið sem ákært er vegna, lýsti brotþoli því m.a. að hann hafi séð eitthvað hvítt koma úr typpi mannsins, sem hafi farið á rúm brotþola, en maðurinn hafi síðan sett það á bak og rass brotþola. Yfirdýna og sængurver úr rúmi brotþola var tekið til rannsóknar en á þeim hlutum fannst ekki sæði og það fannst ekki heldur á náttfötum brotþola né á honum sjálfum. Brotþoli lýsti þessu þrátt fyrir að hann hafi sagt að það hafi verið mjög dimmt í herberginu og að hann hafi snúið baki í ákærða. Rannsóknarlögreglumaður sagði að m.a. vegna þessarar frásagnar brotþola hefði verið ákveðið að taka seinni skýrsluna af honum og þá væntanlega til að fá fram ítarlegri framburð hans hvað þetta varðar. Í seinni skýrslunni kvaðst brotþoli hafi séð typpi mannsins en minntist ekki á að eitthvað hvítt hafi komið úr því. Verður í ljósi framangreinds, og þess að engin merki fundust um sæði á vettvangi, að draga í efa að framburður brotþola um þetta atriði sé réttur enda er ákærða ekki gefið að sök að hafa fengið sáðlát. Af því verður ekki dregin önnur ályktun en sú að ákærvaldið hafi metið

það svo að sönnunargögn málsins styddu ekki umrædda lýsingu brotþola. Að mati dómsins er þannig nærtækara að brotþoli hafi verið að lýsa atriði sem hann taldi hafa gerst, honum hafi verið sagt frá eða hann spurður um en ekki hafi verið um raunverulega minningu að ræða.

Í fyrri skýrslu sinni sagði brotþoli að maðurinn hefði „reynt að ríða mér“ en nánar aðspurður um hvað það fæli í sér lýsti hann því svo að maðurinn hefði verið að „setja typpið á mig og í mig og þú veist gera bara skrítna hluti við mig“. Inntur eftir því hvaða skrítnu hluti ákærði hafi gert svaraði brotþoli „bara fullt þú veist setja typpið í munninn á mér og eitthvað“ en er hann var beðinn um nánari skýringar á því hvort typpið hefði farið í munninn neitaði hann því en sagði að „það er hægt að gera það þannig þú veist fólk gerir það, en hann setti bara þú veist typpið á mig“. Brotþoli kvað ákærða síðan hafa sett typpið á rass brotþola sem hefði þá vaknað og ákærði farið út. Í seinni skýrslunni lýsti brotþoli því svo að ákærði hafi ætlað að fara upp í rúm til mömmu brotþola en farið til brotþola og reynt að taka buxur hans niður sem hafi vaknað við það. Kvað hann ákærða hafa verið að snerta brotþola á maganum, brjóstum og sett hönd í buxur brotþola. Er brotþoli var spurður nánar út í snertingar ákærða lýsti brotþoli því svo að ákærði hefði snert hann „á bakinu, maganum, brjóstunum mest bara eða svona sem heitir ég man ekki“. Hann kvað ákærða „örugglega“ hafa snert hann „með typpinu eða eitthvað“. Kvað hann ákærða síðan hafa reynt að taka niður buxur brotþola svo hann gæti sett typpið í rass hans en brotþoli þá vaknað og maðurinn sagt „ó, fyrirgefðu“.

Í fyrri skýrslu sinni sagði brotþoli að maðurinn hafi verið í 20-30 mínútur hjá sér en sagðist einnig hafa vaknað við að einhver hafi verið að draga buxur brotþola niður og viðkomandi hafi þá sagt „ó, afsakið“ og farið út. Í seinni skýrslunni sagði brotþoli að maðurinn hafi hætt þegar brotþoli hafi vaknað, sagt „ó“ og farið aftur í buxurnar. Ákærvaldið byggði á því við aðalmeðferð málsins að atvikið hafi staðið yfir í 20-30 mínútur og vísaði til framburðar brotþola um það. Verður að draga það í efa með hliðsjón af fyrrgreindum framburði brotþola, og lýsingum hans á viðbrögðum ákærða þegar hann sá að um barn var að ræða, að ákærði hafi verið í 20-30 mínútur uppi í rúmi hjá brotþola eftir að hann vaknaði. Ekki þykir útilokað að brotþoli hafi að einhverju leyti verið að lýsa því sem hann telur að kunni að hafa gerst áður en hann vaknaði. Til þess er einnig að líta að brotþoli var aðeins [...] þegar umrætt atvik átti sér stað og auk

Þess sofandi en vaknaði við ákærða. Verður eðli málsins samkvæmt ekkert fullyrt, aðeins út frá hugmyndum brotaþola, um þann tíma sem leið frá því að brotaþoli vaknaði og þar til ákærði fór út.

Brotaþoli nefndi óljóst í fyrri skýrslu sinni að maðurinn hafi haldið að brotaþoli væri móðir brotaþola en í seinni skýrslunni tók hann það skýrt fram. Í fyrri skýrslunni sagði brotaþoli að maðurinn hafi vitað að móðir brotaþola ætti stórt rúm vegna þess að það hafi verið vinnusamkvæmi heima hjá brotaþola og þá hafi manninum verið sýnt herbergið og húsið. Verður að telja ósennilegt að brotaþoli hafi nefnt þessi atriði með þessum hætti nema einhver hafi verið búinn að ræða þetta við brotaþola áður en hann gaf skýrslur sínar. Ekki er hins vegar ljóst hver það hefur verið því foreldrar hans segjast ekkert hafa rætt við brotaþola um atvikið nema aðeins um nóttina þegar atvikið átti sér stað. Hafi verið rætt við brotaþola, sem er barn, um atvikið eða atriði því tengdu áður en hann gaf skýrslur sínar er ekki óeðlilegt að hann hafi ekki alltaf gert sér grein fyrir hvaða atvik hann hafi upplifað sjálfur eða hvort hann væri að segja frá einhverju sem aðrir hafi sagt honum eða innt hann eftir.

Með hliðsjón af meðal annars ofangreindu verður að fara varlega í það að draga ályktanir af framburði brotaþola nema framburðurinn fái stoð í öðru því sem hefur komið fram í málinu.

Eins og fyrr segir lýsti brotaþoli því í fyrri skýrslutökunni að hann hafi fundið fyrir einhverju inni í eða við rassinn á sér og að maðurinn hafi reynt að setja typpið inn í rassinn á brotaþola en hann vissi ekki hvort manninum hafi tekist það. Seinna í skýrslutökunni sagðist brotaþoli ekki vita hvort maðurinn hafi sett typpið inn í rass brotaþola og hann vissi ekki hvort hann hafi fundið fyrir einhverju í rassinum. Í seinni skýrslunni sagði brotaþoli einnig að maðurinn hafi örugglega snert rass brotaþola með typpinu en hann hafi reynt að setja buxur brotaþola niður svo maðurinn gæti sett typpið í rassinn á brotaþola. Með hliðsjón af þessu, og þar sem rannsóknargögn styðja ekki aðra niðurstöðu, verður ekki fullyrt að ákærði hafi reynt að þröngva getnaðarlim sínum inn í endaparm brotaþola eins og ákærða er gefið að sök í ákæru.

Brotapoli lýsti því í báðum skýrslum sínum að ákærði hafi snert brotþola og í fyrri skýrslunni nefndi hann brjóst, maga, rass og typpi í því sambandi. Þá lýsti brotþoli því í fyrri skýrslunni að maðurinn hafi látið brotþola snerta typpið sitt, þ.e. tekið hönd brotþola og sett hana á typpi mannsins. Í seinni skýrslunni nefndi brotþoli hvað þetta varðar maga, bak, brjóst, rass og einkastaði sína en framburður hans var að öðru leyti mjög á reiki hvað varðaði umræddar snertingar. Í báðum skýrslum lýsti brotþoli því hins vegar með nokkuð líkum hætti að ákærði hafi komið við líkama brotþola og reynt að draga náttbuxur hans niður. Brotþoli hafi þá vaknað, ákærði séð að hann var barn og farið í kjölfarið.

[...] voru í heild sendir til rannsóknar hjá NFC í Svíþjóð. Í sýni af [...] kom fram blanda-DNA sniða, þar sem hluti þess DNA, sem kom fram, var eins og DNA-snið brotþola en hluti þess var eins og DNA-snið ákærða. Þá kom DNA-snið ákærða fram á streng af náttbuxum brotþola. DNA-snið ákærða fannst þannig ekki á [...] heldur aðeins á [...] og streng náttbuxanna. Hafi ákærði káfað á kynfærum brotþola verður að ætla að DNA-snið hans hefði fundist á fleiri stöðum en raunin varð. Með vísan til þessa og sönnunargagna málsins að öðru leyti þykir ekki hægt að fullyrða að ákærði hafi káfað á kynfærum brotþola. Hins vegar sýna þau DNA-snið ákærða, sem fundust á náttbuxum brotþola og [...], að ákærði hafi snert brotþola og er það í samræmi við framburð hans. Þá var framburður brotþola um að ákærði hafi reynt að draga náttbuxur hans [...] niður stöðugur.

Með vísan til ofanritaðs verður ekki dregið í efa að ákærði hafi farið í heimildarleysi inn í íbúðarhúsið að [...], farið þar upp í rúm brotþola, dregið buxur hans [...] niður og káfað á maga, brjóstkassa og rassi brotþola. Telst þessi háttsemi ákærða sönnuð. Hins vegar verður ekki fullyrt, m.a. með hliðsjón af framburði brotþola, að ákærði hafi klætt sig úr buxum eins og haldið er fram í ákæru.

Með háttsemi sinni gerðist ákærði sekur um húsbrot sem varðar við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eins og réttilega kemur fram í ákæru. Þá stendur eftir að ákveða til hvaða refsíákvæða háttsemi ákærða verði færð hvað varðar kynferðisbrotið. Eins og fram er komið er talið í ákæru að ákærði hafi gerst sekur um nauðgun með því

að hafa haft við brotþola önnur kynferðismök en samræði sem varði við 1. og 2. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Vegna þessa skal tekið fram að dómsformaður sendi sakflytjendum tölvupóst 17. febrúar sl. með ábendingu um hvort ekki væri rétt að við aðalmeðferð málsins yrði það einnig reifað með hliðsjón af því hvort meint brot ákærða gæti varðað við 2. mgr. 202. gr. hegningarlaganna, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008.

Í íslenskum rétti og eins og ráða má af ákvæðum almennra hegningarlaga eru önnur kynferðismök lögð að jöfnu við samræði. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 61/2007 um breytingu á hegningarlögunum er fjallað um hugtakið önnur kynferðismök. Þar er vísað til skilgreiningar hugtaksins í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 40/1992 en þar kemur fram að skýra beri hugtakið frekar þröngt þannig að átt sé við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju, er komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt. Þetta séu athafnir sem veiti geranda kynferðislega fullnægingu eða séu almennt til slíks fallnar. Síðan er áfram í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 61/2007 talin upp háttsemi sem geti fallið undir önnur kynferðismök og þar eru nefnd munnmök, endaparmsmök, að setja hluti eða fingur í leggöng eða endaparm og sleikja og sjúga kynfæri. Telja verður að til þess að fella háttsemi undir hugtakið önnur kynferðismök verði hún að líkjast samræði eða koma í staðinn fyrir það eða fela í sér kynferðislega árás sem nálgist samræði. Þetta eru þá athafnir sem eru almennt fallnar til þess að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu. Þau tilvik sem nefnd eru í ofangreindri greinargerð eru alvarlegri en sú háttsemi sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir. Verður því ekki fallist á að ákærði hafi með háttsemi sinni gerst sekur um nauðgun með því að hafa önnur kynferðismök en samræði við brotþola eins og haldið er fram í ákæru. Háttsemi ákærða verður því ekki heimfærð til 1. og 2. mgr. 194. gr. eða 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga eins og gert er í ákæru.

Í 2. mgr. 202. gr. hegningarlaganna er hugtakið kynferðisleg áreitni ekki skýrt. Ákvæði um kynferðislega áreitni var fyrst lögfest í hegningarlögunum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 40/1992. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að kynferðisleg áreitni teljist ekki slík misnotkun á líkama manns að hún komi í stað hefðbundins

samræðis eða hafi gildi sem slíkt, þ.e. önnur kynferðismök. Undir hugtakið falli ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamleg snerting og ljósmyndun af kynferðislegum toga. Almennt ákvæði um kynferðislega áreitni kom ekki inn í hegningarlögin fyrr en með lögum nr. 61/2007, sjá 199. gr. hegningarlaganna. Þar er hugtakið skilgreint í lagagreininni sjálfri og þar kemur fram að háttsemin felist m.a. í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan, enn fremur í táknrænni hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta. Ekki er um tæmandi talningu að ræða í lagaákvæðinu þannig að önnur tilvik geta fallið þar undir en þau þurfa þá að vera svipuð að grófleika og eðlislík þeim sem talin eru upp í ákvæðinu. Kynferðisleg áreitni er því háttsemi kynferðislegs eðlis sem hvorki telst samræði né önnur kynferðismök. Því má segja að í hugtakinu felist snerting á líkama annarrar manneskju sem er talin andstæð góðum siðum og samskiptaháttum. Skilgreining á innihaldi 199. gr. hegningarlaganna hefur þýðingu þegar ákvæðin um kynferðislega áreitni gegn börnum eru túlkuð, svo sem 2. mgr. 202. gr. hegningarlaganna.

Þegar virt er sú háttsemi sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir, sbr. ofanritað, verður að telja að hann hafi gerst sekur um kynferðislega áreitni gagnvart brotþola sem varði við 2. mgr. 202. gr. hegningarlaganna. Áður en aðalmeðferð málsins fór fram var sakflytjendum bent á þennan möguleika af hálfu dómsins og er því heimilt að sakfella ákærða fyrir brot á þessu ákvæði, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Hefur ákærði unnið sér til refsingar í samræmi við þetta.

IX

Ákæruliður II.

Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök samkvæmt þessum ákærulið. Fyrir liggur að ákærði tók leigubifreið frá [...] umrædda nótt og styður það játningu ákærða. Verður því ekki dregið í efa að játning ákærða sé sannleikanum samkvæm. Telst því hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í II. ákærulið og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða. Hefur hann unnið sér til refsingar í samræmi við það.

X

Refsing, einkaréttarkröfur og sakarkostnaður.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður sætt refsingu og á hann sér ekki aðrar málsbætur. Hann hefur nú verið sakfelldur fyrir húsbrot, kynferðislega áreitni gegn barni og að hafa greitt fyrir vændi. Við ákvörðun refsingar verður að líta sérstaklega til þess að ákærði braut gegn barni, þar sem það svaf á heimili sínu, og þá verður einnig litið til 1., 2. og 3. töluliðar 1. mgr. 70. gr. hegningarlagna. Þá verður refsingin ákveðin með hliðsjón af 77. gr. laga. Með vísan til þessa og atvika málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Við fullnustu á óskilorðsbundna hluta refsingarinnar skal koma til frádráttar með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist sem ákærði sætti frá 14. til 17. desember 2025 og frá 14. janúar 2026.

Brotapolinn, A [...], gerir kröfu til þess að ákærði greiði honum miskabætur að fjárhæð 7.000.000 króna auk vaxta og dráttarvaxta. Ákærði hefur gerst sekur um ólögmeta meingerð gagnvart brotþola og hann á því rétt á miskabótum, sbr. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ákærði braut gegn brotþola um miðja nótt er hann var sofandi á heimili sínu. Háttsemi ákærða var til þess fallin að hafa slæm áhrif á andlega heilsu brotþola til hins verra og hefur það fengist staðfest með vottorði sálfræðings. Með vísan til þess þykja bætur til brotþola hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14. september 2025 til 28. febrúar 2026 en auk dráttarvaxta samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Brotapolarnir, C [...] og B [...], hafa gert kröfu til þess að ákærða verði gert að greiða hvoru þeirra um sig miskabætur að fjárhæð 2.500.000 krónur auk vaxta og dráttarvaxta. Húsbrotið beindist að heimili þeirra og í því ljósi þykir rétt að ákærða verði gert að greiða þeim 300.000 krónur og 350.000 krónur í málskostnað. Í ljósi ofangreindrar niðurstöðu um sakfellingu ákærða þykja ekki hafa verið færð fram haldbær rök fyrir því að nefndir brotþolar eigi rétt til frekari miskabóta. Þá hefur brotapolinn C [...] krafist þess að ákærða verði gert að greiða henni skaðabætur að fjárhæð 1.830.445 krónur sem sundurliðast þannig að útlagður kostnaður er 1.205.885 krónur og tekjumissir 624.560 krónur. Rétt þykir að C [...] fái bætt sængurföt og náttföt brotþolans A [...], sem lagt

var hald á, þar sem óvíst er að það skili sér aftur til þeirra og þá hvenær. Samkvæmt því skal ákærði greiða C [...] 26.898 krónur. Ekki hefur verið sýnt fram á að nauðsynlegt hafi verið vegna brots ákærða að breyta læsingu og setja upp öryggiskerfi á heimili brotþola. Þá verður að telja að málun á barnaherbergi sé eðlilegt viðhald og hefði komið til á einhverjum tímapunkti burtséð frá broti ákærða. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að kostnaður við utanlandsferð fjölskyldu brotþola sé sennileg afleiðing af broti ákærða. Þá hafa ekki verið færð fullnægjandi rök fyrir kröfu vegna tekjumissis brotþolans C [...]. Ofangreindar fjárhæðir (300.000 + 26.898 krónur) skulu bera vexti, samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14. september 2025 til 28. febrúar 2026 en dráttarvexti, samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna, frá þeim degi til greiðsludags. Einkaréttarkröfurnar voru ekki birtar ákærða fyrr en við þingfestingu málsins og tekur upphafsdagur dráttarvaxta mið af því.

Ákærði hefur, hvað kynferðisbrotið varðar, verið sakfelldur fyrir kynferðislega áreitni en ekki fyrir nauðgun með því að hafa önnur kynferðismök en samræði við brotþola eins og honum er gefið að sök í ákæru. Með hliðsjón af því þykir rétt að hann greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Oddgeirs Einarssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu verjandans og umfangi málsins samtals 5.301.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði greiði því 2.650.500 krónur og sama fjárhæð greiðist úr ríkissjóði. Málsvarnarlaunin taka einnig til starfa verjandans á rannsóknarstigi málsins.

Þóknun réttargæslumanns brotþolans, A [...], Geirs Gestssonar lögmanns, þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu lögmannsins og umfangi málsins 883.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði greiði helming fjárhæðarinnar, þ.e. 441.750 krónur, en sama fjárhæð greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði greiði annan sakarkostnað 1.056.308 krónur.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Karl Ingi Vilbergsson saksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Halldóru Þorsteinsdóttur héraðsdómara og Guðrúnu Oddsdóttur sálfræðingi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X [...], sæti fangelsi í 12 mánuði en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við fullnustu á óskilorðsbundna hluta refsingarinnar skal koma til frádráttar með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist sem ákærði sætti frá 14. til 17. desember 2025 og frá 14. janúar 2026.

Ákærði greiði A [...] 1.500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14. september 2025 til 28. febrúar 2026, en auk dráttarvaxta, samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði C [...] og B [...] 300.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14. september 2025 til 28. febrúar 2026, en auk dráttarvaxta, samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna, frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði C [...] og B [...] 350.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði C [...] 26.898 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14. september 2025 til 28. febrúar 2026, en auk dráttarvaxta, samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna, frá þeim degi til greiðsludags.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Oddgeirs Einarssonar lögmanns, eru samtals 5.301.000 krónur og greiði ákærði 2.650.500 krónur en sama fjárhæð greiðist úr ríkissjóði.

Þóknun réttargæslumanns brotaþolans, A [...], Geirs Gestssonar lögmanns, er samtals 883.500 krónur og greiði ákærði helming fjárhæðarinnar, þ.e. 441.750 krónur, en sama fjárhæð greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði greiði annan sakarkostnað, 1.056.308 krónur.

Ingi Tryggvason
Halldóra Þorsteinsdóttir
Guðrún Oddsdóttir